

**Sp.**

**39. Tillaga til þingsályktunar**

**[30. mál]**

um hagnýtingu brotajárns.

Flm.: Pétur Pétursson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera athugun á því í samráði við Iðnaðarmálastofnun Íslands, hvort tiltækilegt sé að hagnýta brotajárn hér á landi með því að koma upp járnbræðslu.

**Greinargerð.**

Þetta mál var lagt fram og rætt á Alþingi 1953, en fékk ekki afgreiðslu þá. Hins vegar er hér tvímælalaust um það stórt mál að ræða, að full ástæða er til þess að taka það til umræðu á ný.

Það er vitað mál, að á hverju ári falla til í landinu nokkur þúsund tonn af brotajárni. Hluti þess er fluttur úr landi og seldur fyrir tiltölulega lágt verð. Vafalaust er þó mikið magn, sem ekki er safnað saman.

Það er skoðun flm., að rétt sé að láta gera ýtarlega athugun á því, hvort ekki sé tiltækilegt að setja á stofn litla járnbræðslu hér á landi til þess fyrst og fremst að vinna úr því brotajárni, sem til fellur, auk þess sem vel væri hægt að hugsa sér, að brotajárn væri flutt hingað. Það er eðlilegt, að þessi athugun sé gerð í samráði við Iðnaðarmálastofnun Íslands, sem ætti að geta gefið ýmsar tæknilegar upplýsingar varðandi málið. Fyrst um sinn væri e. t. v. hægt að fara af stað í smáum stíl, t. d. með því að framleiða tilteknar tegundir af steypustyrktarjárn.